

Stjórnartíðindi

2003 - B-deild - B51-52

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Minniháttar gallar á bls. 1045 og 3. kápusíðu.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 51-52

Nr. 283-311

2003

Efnisyfirlit B 51–52 2003

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
283	23. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 – 2018, Síðuskóli	929
284	10. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997 – 2017, útivistar- og frístundabyggðarsvæði við Þór-oddsstaði	929-930
285	10. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 – 2015, athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla í Grá-helluhrauni	930
286	15. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum	931-944
287	16. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum	944
288	14. apríl	Reglugerð um hunang	945-948
289	7. apríl	Reglugerð um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita	949-952
290	15. apríl	Auglýsing um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi	952-954
291	10. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017, Möðruvallavegur	954
292	16. apríl	Gjaldskrá fyrir Búnaðarsamband Austurlands	955
293	16. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 391/1998, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari breytingum	956
294	11. apríl	Gjaldskrá fyrir sorphreinsun og eyðingu sorps í Skorradalshreppi	957
295	9. apríl	Reglur um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga	957-959
296	16. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 473/2001, um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara	959-960
297	16. apríl	Reglugerð um arðsfrádrátt	960-961
298	16. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 562/1989, um virðisaukaskatt af eigin þjónustu og úttekt til eigin nota innan óskattskyldra fyrirtækja og stofnana, með síðari breytingum	961
299	10. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð nr. 63/1999, um greiðslu barnabóta með síðari breytingum	962
300	10. apríl	Reglugerð um breyting á reglugerð um greiðslu vaxtabóta nr. 990/2001, með síðari breytingum	962
301	16. apríl	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga frístunda- byggðar í Munadarnesi, Borgarbyggð	963
302	4. apríl	Auglýsing um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun	963

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 – 2003

23. apríl 2003

929

Nr. 283

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998 - 2018, Síðuskóli.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. apríl 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í því að svæði fyrir stofnanir við Bugðusíðu (lóð Síðuskóla) stækkar til norðurs og austurs og svæði sem er skilgreint óbyggt svæði og almennt útivistarsvæði minnkar sem því nemur.

Breyting þessu hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrarbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 23. apríl 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

10. apríl 2003

Nr. 284

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997 - 2017, útivistar- og frístundabyggðarsvæði við Þóroddsstaði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. apríl 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sandgerðisbæjar 1997-2017 frá 5. ágúst 1999.

Breytingin felst í því að meginhluti landbúnaðarsvæðis við Þóroddsstaði og Sandhól verður opið svæði til sérstakra nota (útivist og íþróttir), ætlað fyrir golfvöll. Umhverfis Þóroddsstaði verður áfram afmarkað landbúnaðarsvæði. Sunnan við Sandhól og norðan og vestan við Fitjatjörn er gert ráð fyrir svæði fyrir frístundabyggð í stað óbyggt svæðis.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Sandgerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 10. apríl 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995 - 2015,
athafnasvæði hestamannafélagsins Sörla í Gráhelluhrauni.**

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 10. apríl 2003 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin varðar breytta landnotkun suðaustan við athafnasvæði Sörla í Gráhelluhrauni úr opnu svæði/almennt grænt svæði í opið svæði til sérstakra nota.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 10. apríl 2003.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.

1. gr.

Fyrsta setningin í A-hluta, viðauka 6 orðast svo:

Sýni til opinbers eftirlits með hámarki varnarefnaleifa í og á ávöxtum og grænmeti, auk opinbers eftirlits með hámarki aflatoxsíns, okratoksíns A, blýs, kadmíns, kvikasilfurs og 3-MCPD í matvælum, skulu tekin samkvæmt aðferðum sem lýst er í viðauka þessum.

2. gr.

Við viðauka 6 bætist eftirfarandi F-hluti:

Sýnatökur fyrir mælingar á okratoksíni A í matvælum.

1. Almenn.

Undirbúningur safnsýna.

Safnsýni eru mynduð með því að sameina og blanda saman hlutasýnum.

Samhliða sýni.

Taka ber samhliða sýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála úr rannsóknasýni sem hefur verið gert einsleitt svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatökur.

Pökkun og flutningur á rannsóknasýnum.

Hvert rannsóknasýni skal sett í hreinar, efnafræðilega óvirkar umbúðir sem verja það nægilega gegn efnamengun, efnatapi (t.d. ásogi), efnabreytingum og skemmdum í flutningi. Umbúðirnar skulu merktar og innsiglaðar á þann hátt að ekki sé hægt að opna þær eða fjarlægja merkingar án þess að brjóta innsiglið.

Innsigluð og merking sýna.

Hvert sýni, sem tekið er til opinberra nota skal innsiglað á sýnatökustað og merkt samkvæmt reglum. Halda skal skrá yfir hverja sýnatöku á þann hátt að hver framleiðslueining er auðkennd á ótvíráðan hátt með dagsetningu og sýnatökustað ásamt öðrum viðbótarupplýsingum sem gætu komið greinandanum að notum.

2. Sérákvæði.

Mismunandi framleiðslueiningar.

Matvæli eru ýmist seld í lausu, í umbúðum eða stökum einingum (svo sem sekkjum, pokum og smásölupakkningum). Beita má sýnatökuaðferðinni á allar matvörur í hvaða formi sem þær eru settar á markað.

Með fyrirvara um ákvæði sem mælt er fyrir um í þessum hluta viðaukans skal styðjast við eftirfarandi jöfnu til leiðbeiningar við sýnatöku úr framleiðslueiningum sem fara á markað sem stakar einingar (svo sem sekkir, pokar og smásölupakkningar):

$$\text{Sýnatökutíðni} \quad n = \frac{\text{Þyngd framleiðslueiningar} \times \text{þyngd hlutasýnis}}{\text{Þyngd safnsýnis} \times \text{þyngd stakrar einingar}}$$

– Þyngd í kg

– Sýnatökutíðni: n-ti hver sekkur eða poki sem taka ber hlutasýni úr (tugabrot skal námunnda að næstu heilu tölu).

Þyngd hlutasýnis.

Þyngd hlutasýnis ætti að vera um 100 grömm nema kveðið sé á um annað í þessum viðauka. Ef um er að ræða framleiðslueiningu með smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkningarinnar.

Almennt eftirlit og sýnatökuaðferð á korni og þurrkuðum vínviðarávöxtum.

Tafla 9.
Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir afurðum og þyngd á framleiðslueiningu.

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýna (kg)
Korn og kornvörur	≥ 1 500	500 tonn	100	10
	> 300 og < 1 500	3 framleiðsluhlutar	100	10
	≥ 50 og ≤ 300	100 tonn	100	10
	< 50	-	10-100 ²⁵	1-10
Þurrkaðir vínviðarávextir (garðaber, rúsínur og kúrennur)	≥ 15	15-30 tonn	100	10
	< 15	-	10-100 ²⁶	1-10

2.1. Sýnatökuaðferð á korni og kornvörum (framleiðslueining ≥ 50 tonn) og þurrkuðum vínviðarávöxtum (framleiðslueining ≤ 15 tonn).

Sýnatökuaðferð.

- Ef hægt er að skilja framleiðsluhluta sundur verður að skipta hverri framleiðslueiningu í framleiðsluhluta samkvæmt töflu 9. Þar sem þyngd framleiðslueiningarinnar er ekki alltaf heilt margfeldi af þyngd framleiðsluhlutanna má þyngd þeirra mest fara 20% umfram tilgreinda þyngd;
- sýnataka skal fara fram í hverjum framleiðsluhluta fyrir sig;
- fjöldi hlutasýna skal vera 100. Ef framleiðslueining á korni og kornvörum er undir 50 tonnum og framleiðslueining á þurrkuðum vínviðarávöxtum er undir 15 tonnum, skal fara eftir lið 2.2. Safnsýni skal vega 10 kg;
- ef ekki er hægt að koma við þeirri sýnatökuaðferð, sem lýst er hér að framan vegna afleiðinga sem það hefur á verslun vegna skemmda á framleiðslueiningunni (vegna umbúða, flutningsmáta o.s.frv.), er heimilt að beita annarri aðferð við sýnatöku að því tilskildu að hún sé svo dæmigerð sem framast er kostur og að henni hafi að fullu verið lýst og hún studd traustum rökum.

²⁵ Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar – sjá töflu 10 í þessum viðauka.

²⁶ Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar – sjá töflu 11 í þessum viðauka.

2.2. Sýnatökuaðferð fyrir korn og kornvörur (framleiðslueining < 50 tonn) og þurrkaða vínviðarávexti (framleiðslueining < 15 tonn).

Fyrir framleiðslueiningar kornafurða sem eru undir 50 tonnum og framleiðslueiningar af þurrkuðum vínviðarávöxtum sem eru undir 15 tonnum, má styðjast við sýnatökuaðtölun, sem er breytileg eftir þyngd framleiðslueiningar hverju sinni, þar sem 10-100 hlutsýni eru tekin og þau gefa safnsýni sem er 1 – 10 kg.

Styðjast má við tölurnar í töflu 10 til að ákvarða fjölda þeirra hlutasýna sem taka ber.

Tafla 10.
Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga kornafurða.

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 1	10
> 1 - ≤ 3	20
> 3 - ≤ 10	40
> 10 - ≤ 20	60
> 20 - ≤ 50	100

Tafla 11.
Fjöldi hlutasýna sem taka ber úr mismunandi þyngdarflokkum framleiðslueininga af þurrkuðum vínviðarávöxtum.

Þyngd (tonn)	Fjöldi framleiðslueininga
≤ 0,1	10
> 0,1 - ≤ 0,2	15
> 0,2 - ≤ 0,5	20
> 0,5 - ≤ 1,0	30
> 1,0 - ≤ 2,0	40
> 2,0 - ≤ 5,0	60
> 5,0 - ≤ 10,0	80
> 10,0 - ≤ 15,0	100

Sýnataka á smásölustigi.

Sýnataka á matvælum á smásölustigi skal vera í samræmi við fyrrgreindar sýnatökuaðferðir þar sem því er við komið. Þar sem því er ekki við komið má nota aðrar fullnægjandi sýnatökuaðferðir svo fremi sem þær tryggja dæmigert sýni af framleiðslueiningunni.

Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta.

- Samþykki ef safnsýnið samræmist ákvæðum um leyfilegt hámark;
- synjun ef safnsýnið fer yfir leyfilegt hámark.

3. gr.

Við viðauka 6 bætist eftirfarandi G-hluti:

G-hluti**1. Undirbúningur sýna og viðmiðanir fyrir greiningaraðferðir notaðar við opinbert eftirlit með magni okratoksins A í matvælum.**

Varúðarráðstafanir.

Þar sem dreifing okratoksins A er fjarri því að vera einsleit ber að undirbúa sýni með mikilli varfærni, einkum þegar þau eru gerð einsleit. Nota ber allt efni, sem rannsóknarstofan tekur á móti, við undirbúning sýnis.

Meðhöndlun sýnisins við móttöku á rannsóknarstofunni.

Hvert rannsóknarsýni er fín malað og blandað vandlega saman með aðferð sem sannað þykir að tryggi fullkomna einsleitni.

Frekari skipting sýnis vegna fullnustuákvæða og verslunarverndar.

Endurtökusýni vegna fullnustuákvæða eða verslunarverndar eða vegna úrskurðarmála skal tekið úr einsleita sýninu svo fremi að það stangist ekki á við reglur um sýnatöku.

2. Greiningaraðferð, sem nota ber á rannsóknarstofunni og kröfur um eftirlit á rannsóknarstofunni við greiningar.

Skilgreiningar.

Nokkrar af helstu skilgreiningum sem rannsóknarstofan þarf að styðjast við eru eftirfarandi:

$r =$ Endurtekningarnákvæmni (repeatability) er það gildi sem er stærra en tölugildi mismunar tveggja stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði (þ.e. sama sýni, sami starfsmaður, sami tækjabúnaður, sama rannsóknarstofa og á skömmum tíma), og vænta má að liggi innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%), og því er $r = 2,8 \times s_r$.

$s_r =$ Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði.

$RSD_r =$ Hlutfallslegt staðalfrávik er reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við endurtekningarnákvæm skilyrði $[(s_r / \bar{x}) \times 100]$, þar sem er meðaltal niðurstaðna fyrir allar rannsóknarstofur og öll sýni.

$R =$ Samanburðarnákvæmni (reproducibility): það gildi sem er stærra en tölulegur mismunur stakra prófniðurstaðna, sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði (þ.e. sem starfsmenn á mismunandi rannsóknarstofum fá með staðlaðri prófunaraðferð á samskonar efni), og vænta má að liggi innan tiltekinna líkinda (venjulega 95%);
 $R = 2,8 \times S_R$.

$S_R =$ Staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði.

$RSD_R =$ Hlutfallslegt staðalfrávik, reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði $[(S_R / \bar{x}) \times 100]$.

Sérstakar kröfur.

Hafi ekki verið mælt fyrir um neinar sérstakar aðferðir til þess að ákvarða styrk okratoksíns A í matvælum er rannsóknarstofum heimilt að velja hverja þá aðferð sem samræmist eftirfarandi viðmiðunum:

Tafla 12.
Viðmiðanir.

Viðmiðun µg/kg	Okratoksín A		
	RSD (%)	RSD _R (%)	Endurheimt (%)
< 1	≤ 40	≤ 60	50 – 120
1 – 10	≤ 20	≤ 30	70 – 110

- Greiningarmörk aðferðanna eru ekki tilgreind þar eð samkvæmnisgildin eru gefin við tilgreindan styrkleika;
- samkvæmnisgildin eru reiknuð samkvæmt Horwitz-jöfnunni:

$$RSD_R = 2^{(1 - 0,5 \log C)}$$

þar sem:

- RSD_R er hlutfallslegt staðalfrávik reiknað út frá niðurstöðum sem eru fengnar við samanburðarnákvæm skilyrði $[(s_R / \bar{x}) \times 100]$;
- C er styrkhlutfallið (þ.e. 1 = 100 g/100 g, 0,001 = 1,000 mg/kg).

Þetta er almenn samkvæmnisjafna sem reynst hefur óháð greiniefni og efnaumhverfi en, sem í flestum venjubundnum greiningaraðferðum, er einungis háð styrkleikanum.

Útreikningar á endurheimt.

Að því er varðar endurheimt ber að greina frá niðurstöðum greininga leiðréttum eða óleiðréttum. Endurheimtuhlutfallið skal tilgreint.

4. gr.

Undirkaflinn *Þyngd hlutasýnis* í D-hluta viðauka 6 orðast svo:

Þyngd hlutasýnis.

Þyngd hlutasýnis ætti að vera um 300 grömm nema kveðið sé á um annað í kafla um sýnatökuaðferðir hér á eftir. Hlutasýni af kryddi ætti þó að vera um 100 grömm. Ef um er að ræða framleiðslueiningu með smásölupakkningum ræðst þyngd hlutasýnisins af þyngd smásölupakkninga.

5. gr.

Heiti á lið 1.1. í D-hluta, viðauka 6 orðast svo:

1.1. Jarðhnetur, hnetur, þurrkaðir ávextir, krydd og korn.

6. gr.

Tafla 6 í D-hluta, viðauka 6 skal vera eftirfarandi:

Tafla 6.
Skipting framleiðslueininga í framleiðsluhluta eftir
afurðum og þyngd á framleiðslueiningu.

Vara	Þyngd framleiðslueiningar (tonn)	Þyngd eða fjöldi framleiðsluhluta	Fjöldi hlutasýna	Þyngd safnsýna (kg)
Þurrkaðar fíkjur og aðrir þurrkaðir ávextir	≥ 15 < 15	15-30 tonn -	100 10-100 ²³	30 ≤ 30
Jarðhnetur, pistasíuhnetur, parahnetur og aðrar hnetur	≥ 500 > 125 og < 500 ≥ 15 og ≤ 125 < 15	100 tonn 5 framleiðsluhlutar 25 tonn -	100 100 100 10-100 ²³	30 30 30 ≤ 30
Korn	≥ 1500 > 300 og < 1500 ≥ 50 og ≤ 300 < 50	500 tonn 3 framleiðsluhlutar 100 tonn -	100 100 100 10-100 ²³	30 30 30 1-10
Krydd	≥ 15 < 15	25 tonn -	100 10-100 ²³	10 1-10

7. gr.

Heiti á lið 1.2. í D-hluta, viðauka 6 orðast svo:

Jarðhnetur, pistasíuhnetur, parahnetur, þurrkaðar fíkjur, korn og krydd þar sem framleiðslueiningar eru ≥ 50 tonn.

8. gr.

Eftirfarandi setningu er bætt við sem fjórða punkti undir undirkaflanum *Sýnatökuaðferðir* í lið 1.2. í D-hluta viðauka 6:

Safnsýni af kryddi vegur ekki meira en 10 kg og þarf því ekki að skipta sýninu í undirsýni.

9. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á undirkaflanum *Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta* í lið 1.2. í D-hluta viðauka 6:

Á eftir undirkaflanum *Samþykki fyrir framleiðslueiningu eða framleiðsluhluta* kemur setningin „Ef um er að ræða krydd og jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti sem á að flokka eða meðhöndla á annan hátt“ í staðinn fyrir setninguna „Ef um er að ræða jarðhnetur, hnetur og þurrkaða ávexti“.

10. gr.

Undirkaflinn *Fjöldi sýna sem taka ber* undir lið 3.2. í D-hluta viðauka 6 orðast svo:
Fjöldi sýna sem taka ber.

²³ Fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar.

Fjöldi safnsýna sem taka ber fer eftir þyngd framleiðslueiningarinnar. Skiptingu stórra framleiðslueininga í framleiðsluhluta skal hátað svo sem kveðið er á um fyrir korn í töflu 6 undir lið 1.1. í D-hluta. Taka ber sýni úr hverjum framleiðsluhluta fyrir sig.

11. gr.

Eftirfarandi er bætt við aftast í D-hluta, viðauka 6:

Sýnataka á smásölustigi.

Sýnataka á matvælum á smásölustigi skal vera í samræmi við fyrrgreindar sýnatökuáferðir þar sem því verður við komið. Þar sem því er ekki við komið má nota aðrar fullnægjandi sýnatökuáferðir, svo fremi sem þær tryggja dæmigert sýni af framleiðslueiningunni.

12. gr.

Tafla 8 í E-hluta, viðauka 6 skal vera eftirfarandi:

Tafla 8
Viðmiðanir.

Viðmiðun	Styrkleikasvið	Ráðlögð gildi	Hæsta leyfilega gildi
Núllprófssýni	Öll	Óverulegt	
Endurheimt — Aflatoxín M ₁	0,01–0,05 µg/kg > 0,05 µg/kg	60 til 120 % 70 til 110 %	
Endurheimt — Aflatoxín B ₁ , B ₂ , G ₁ , G ₂	< 1,0 µg/kg 1–10 µg/kg > 10 µg/kg	50 til 120 % 70 til 110 % 80 til 110 %	
RSD _R að því er varðar samkvæmni ²⁴	Öll	Sem leidd eru af Horwitz-jöfnunni	2 × gildið sem leitt er af Horwitz-jöfnunni

13. gr.

Í viðauka 2 eru breytt hámarksgildi fyrir azoxystrobin og ný hámarksgildi fyrir flupyrsuluron metyl og pymetrosin sem hér segir:

Matvæli	Flupyrsuluron metyl	Azoxystrobin	Pymetrosin
1. Ávextir, ferskir, þurrkaðir, ósoðnir, varðir með frýstingu, en ekki með viðbættum sykri	0,02 (t) (*)		
(i) Sítrusávextir		1 (t)	0,3 (t)
Greipaldín			
Sítrónur			

²⁴ RSD_R að því er varðar samkvæmni má reikna sem 0,66 sinnum RSD_R að því er varðar samkvæmni við tilgreindan styrkleika.

Matvæli	Flupyrsuluron metyl	Azoxystrobin	Pymetrosin
Súraldin			
Mandarínur			
Appelsínur			
Pómélóaldin			
Annað			
(ii) Trjáhnatur		0,1 (t) (*)	0,02 (t) (*)
Möndlur			
Brasilíuhnetur			
Kasúhnetur			
Kastaníuhnetur			
Kókoshnetur			
Heslíhnetur			
Makademíahnetur			
Pekanhnetur			
Furuhnetur			
Hjartaaldin			
Valhnetur			
Annað			
(iii) Kjarnaávéxtir		0,05 (t) (*)	0,02 (t) (*)
Epli			
Perur			
Kveði			
Annað			
(iv) Steinaldin		0,05 (t) (*)	
Apríkósur			0,05 (t)
Kirsuber			
Ferskjur			0,05 (t)
Nektarínur			
Plómur			
Annað			0,02 (t) (*)
(v) Ber og aðrir smáir ávéxtir			0,02 (t) (*)
(a) Vínber		2	
Til víngerðar			
Önnur			
(b) Jarðarber (önnur en villt)		2 (t)	
(c) Reyri ávéxtir (aðrir en villtir)		0,05 (t) (*)	
Brómber			
Blá hindber			

Matvæli	Flupyrsuluron metyl	Azoxystrobin	Pymetrosin
Loganber			
Hindber			
Annað			
(d) Aðrir smáávéxtir og ber		0,05 (t) (*)	
(annað en villt)			
Bláber			
Trönuber			
Garðaber			
Rífsber (rauð og hvít)			
Sólber			
Annað			
(e) Villt ber og villtir ávéxtir		0,05 (t) (*)	
(vi) Ýmsir ávéxtir			0,02 (t) (*)
Lárperur			
Bananar		2	
Döðlur			
Fíkjur			
Loðber (kíví)			
Dvergappelsínur			
Litkaber			
Mangó			
Ólífur			
Ólífur (til neyslu)			
Ólífur (til olúgerðar)			
Ástaraldin			
Ananas			
Granatepli			
Papajávöxtur			
Annað		0,05 (t) (*)	
2. Grænmeti, ferskt eða ósoðið, frosið eða þurr.	0,02 (t) (*)		
(i) Rótar- og hnýðisgrænmeti			0,02 (t) (*)
Rauðrófur			
Gulrætur		0,2 (t)	
Hnúðselja			
Piparrót		0,2 (t)	
Ætífífill			
Nípa		0,2 (t)	
Steinseljurót		0,2 (t)	
Hreðkur (radísur)			

Matvæli	Flupyrsuluron metyl	Azoxystrobin	Pymetrosin
Hafursrót		0,2 (t)	
Sætuhnúðar			
Gulrófur			
Næpur			
Kínakartöflur			
Annað		0,05 (t) (*)	
(ii) Laukar		0,05 (t) (*)	0,02 (t) (*)
Hvítlaukur			
Laukur			
Skalotlaukur			
Perlulaukur			
Annað			
(iii) Grænmetisaldin			
(a) Kartöfluett			
Tómatar		2 (t)	0,5 (t)
Paprikur		2 (t)	1 (t)
Eggaldin		2 (t)	0,5 (t)
Annað		0,05 (t) (*)	0,02 (t) (*)
(b) Graskersætt-neysluhæft hýði		1 (t)	0,5 (t)
Gúrkur			
Prúgugúrkur			
Kúrbítur			
Annað			
(c) Graskersætt-óneysluhæft hýði		0,5 (t)	0,2 (t)
Melónur			
Grasker			
Vatnsmelónur			
Annað			
(d) Sykurmaís		0,05 (t) (*)	0,02 (t) (*)
(iv) Kál		0,05 (t) (*)	
(a) Blómstrandi kál			0,02 (t) (*)
Spergilkál			
Blómkál			
Annað			
(b) Höfuðkál			
Rósakál			
Höfuðkál			0,05 (t)

Matvæli	Flupyrsuluron metyl	Azoxystrobin	Pymetrosin
Annað			0,02 (t) (*)
(c) Blaðkál			0,02 (t) (*)
Kínakál			
Grænkál			
Annað			
(d) Hnúðkál			0,02 (t) (*)
(v) Blaðgrænmeti og ferskar kryddjurtir.			
(a) Salöt		3 (t)	1 (t)
Karsi (garðperla)			
Vorsalat			
Jöklasalat			
Höfuðsalat			
Blaðsalat			
Vetrarsalat			
Annað			
(b) Spínat og skyldar jurtir		0,05 (t) (*)	0,02 (t) (*)
Spínat			
Blaðbeðja (strandblaðka)			
Annað			
(c) Vatnakarsi		0,05 (t) (*)	0,02 (t) (*)
(d) Jólásalat		0,2 (t)	0,02 (t) (*)
(e) Kryddjurtir		0,05 (t) (*)	1 (t)
Kerfill			
Graslaukar			
Blaðselja			
Steinselja			
Annað			
(vi) Ertur og belgávextir (ferskir)			0,02 (t) (*)
Baunir (með belg)		1 (t)	
Baunir (án belgs)			
Ertur (með belg)		0,5 (t)	
Ertur (án belgs)		0,2 (t)	
Annað		0,05 (t) (*)	
(vii) Stilkgrænmeti			0,02 (t) (*)
Spergill			
Fingrakornblóm			
Stilkselja		5 (t)	
Fennika (sígóð)			

Matvæli	Flupýrsuluron metýl	Azoxystrobin	Pymetrosin
Ætíþistill		1 (t)	
Blaðlaukur		0,1 (t)	
Rabarbari			
Annað		0,05 (t) (*)	
(viii) Sveppir		0,05 (t) (*)	0,02 (t) (*)
(a) Ætisveppir			
(b) Villtir ætisveppir			
3. Belgjurtir (þurrkaðar)	0,02 (t) (*)	0,1 (t)	0,02 (t) (*)
Baunir			
Linsubaunir			
Ertur			
Annað			
4. Olúfræ	0,05 (t) (*)	0,05 (t) (*)	
Hörfræ			
Jarðhnetur			
Valmúufræ (birki)			
Repjufræ			
Sesamfræ			
Sólblómafræ			
Sojabaunir			
Baðmullarfræ			0,05 (t)
Sinnepsfræ			
Annað			0,02 (t) (*)
5. Kartöflur (jarðepli)	0,02 (t) (*)	0,05 (t) (*)	0,02 (t) (*)
Snemmvaxnar			
Matar- og iðnaðarkartöflur			
6. Te	0,05 (t) (*)	0,1 (t) (*)	0,1 (t) (*)
7. Humall	0,05 (t) (*)	20 (t)	5 (t)
8. Korn- og kornvörur	0,02 (t) (*) ⁱ		0,02 (t) (*) ⁱ
Hveiti			
Bókhveiti			
Rúgur			
Rúghveiti			

ⁱ⁾ Gildið skal staðfest fyrir 1. desember 2005.

Matvæli	Flupyrsuluron metyl	Azoxystrobin	Pymetrosin
Bygg			
Hafrar			
Hrísgrjón			
Maís			
Hirsi			
Dúrra			
Annað			
9. Mjólk og mjólkurvörur ^(A)			0,01 (*) (t) ⁱ
10. Kjöt og kjötvörur, einnig fita ^(B)			0,01 (*) (t) ⁱ
Alifuglakjöt			
Kindakjöt			
Kjúklingar			
Kjúklingalifur			
Svínakjöt			
Svínanýru			
Nautgripakjöt			
Geitakjöt			
Nautgripa-, geita- og kindanýru			
Nautgripa- og kindalifur			
Annað			
11. Fita sem er í kjöti og kjötvörur ^(C)			
Alifuglakjöt			
Kindakjöt			
Kjúklingar			
Svínakjöt			
Svínanýru			
Nautgripakjöt			
Geitakjöt			
Nautgripa-, geita- og kindanýru			
Nautgripa- og kindalifur			
Annað			
12. Egg ^(D)			0,01 (*) (t) ⁱ
13. Fiskur og fiskafurðir ^(E)			

14. gr.

Í viðauka 2 er hámarksgildi fyrir Kresoxim-metyl í jarðaberjum breytt í 0,2 mg/kg (t), en t stendur fyrir tímabundið gildi. Gildið skal staðfest fyrir 19. október 2004.

15. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli samanber og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Reglugerðin er sett með hliðsjón af XII. kafla, II. viðauka EES samningsins (tilskipun 2002/23/EC, 2002/26/EC og 2002/27/EC).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 15. apríl 2003.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 248/1990, um virðisaukaskatt af skattskyldri starfsemi opinberra aðila, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Almennt skrifstofuhald, þ.m.t. færsla eigin bókhalds og rafræn gagnavinnsla í eigin þágu, telst ekki vera í samkeppni við atvinnufyrirtæki.

2. gr.

5. tölul. 12. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
5. Þjónustu verkfræðinga, tæknifræðinga, arkitekta, lögfræðinga, löggiltra endurskoðenda, tölvunarfræðinga og annarra sérfræðinga er almennt þjóna atvinnulífínu og lokið hafa háskólanámi eða sambærilegu langskólanámi eða starfa sannanlega á sviði fyrrgreindra aðila og veita sambærilega þjónustu.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 3. gr., 23. gr. og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 16. apríl 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Marianna Jónasdóttir.

REGLUGERÐ

um hunang.

I. KAFLI

Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um hunang sem fellur undir skilgreiningu 2. gr. Hún gildir þó ekki um hunang sem ætlað er til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins.

2. gr.

Skilgreiningar.

Hunang er náttúrulegt sætuefni sem býflugur, *Apis mellifera*, framleiða úr blómasafa, úr seyti lifandi hluta planta eða seyti sem skordýr, sem sjúga plöntur, skilja eftir á þeim og sem býflugurnar safna, umbreyta, binda sérstökum efnum, geyma, þurrka og láta þroskast í vaxkökum. Hunang skal uppfylla kröfur sem settar eru fram í viðauka I.

Blómahunang er hunang sem unnið er úr blómasafa.

Daggarhunang er hunang sem er aðallega unnið úr seyti sem skordýr, sem sjúga plöntur, skilja eftir á lifandi hlutum þeirra eða seyti lifandi hluta plantna.

Vaxkökahunang er hunang sem býflugur safna í hólfi nýbyggðra lirfulausra vaxkakna eða í fíngerðar tilbúnar vaxkökur úr hreinu bývaxi og sem selt er í lokuðum vaxkökum, heilum eða í hlutum.

Vaxbitahunang er hunang sem í er einn eða fleiri hlutar af vaxköku.

Hunang sem er fengið með dreypni er unnið með því að láta drjúpa úr opnum lirfulausum vaxkökum.

Hunang sem er fengið með skiljun er hunang sem skilið er frá opnum lirfulausum vaxkökum í skilvindu.

Pressað hunang er hunang sem er unnið með því að pressa lirfulausar vaxkökur við vægan (<45°C) eða engan hita.

Síað hunang er hunang sem er unnið með því að sía frá ólífræn eða lífræn aðskotaefni og frjókornin þannig að mestu fjarlægð.

Bökunarhunang er hunang sem má nota í iðnaði eða sem hráefni í unnin matvæli en getur haft framandi bragð eða lykt, verið byrjað að gerjast eða hafa hlotið meðhöndlun við of hátt hitastig.

II. KAFLI

Samsetning og merkingar.

3. gr.

Samsetning.

Hunang er aðallega samsett úr sykrum, einkum frúktósa og glúkósa, og öðrum efnum svo sem lífrænum sýrum, lífhvötum og föstum ögnum sem fást við söfnun þess. Litur hunangs getur verið breytilegur, allt frá því að vera nánast litlaus í það að vera dökkbrúnn. Hunangið getur verið fljótandi, seigfljótandi eða að hluta til eða alveg kristallað. Bragð og lykt er breytilegt eftir plöntutegund.

4. gr.

Hreinleiki.

Ekki er heimilt að bæta efnum, þ.m.t. aukefnum, í hunang eða breyta samsetningu þess með öðrum hætti. Hunang skal að því marki sem frekast er unnt vera laust við lífræn eða ólífræn aðskotaefni sem tilheyra ekki samsetningu þess og að öðru leyti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 284/2002 um aðskotaefni í matvælum.

5. gr.

Kröfur um gæði.

Hunang, annað en bökunarhunang, má ekki hafa framandi bragð eða lykt, vera byrjað að gerjast eða freyða, eða sýrustig þess hafa tekið óeðlilegum breytingum. Óheimilt er að hita hunang að því marki að náttúrulegir lífhvatar séu eyðilagðir eða gerðir óvirkir, sbr. viðauka I.

6. gr.

Vöruheiti og merkingar.

Auk þess að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 588/1993 um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla, skal heitið „hunang“ eða eitt þeirra heita sem talin eru upp í 2. gr. koma fram á umbúðum vörunnar.

Ef um bökunarhunang er að ræða skal það merkt sem slíkt. Jafnframt skal koma fram að það sé einungis ætlað til matreiðslu. Þegar bökunarhunang er notað sem innihaldsefni í samsett matvæli má nota heitið „hunang“ í vöruheiti samsettu matvællanna. Í innihaldslýsingu skal þó nota heitið bökunarhunang.

Að bökunarhunangi, vaxkökuhunangi eða síuðu hunangi undanskyldu er heimilt að eftirfarandi komi fram á umbúðum:

- upplýsingar um blóma- eða jurtauppruna, að því tilskildu að afurðin sé nánast eingöngu af þeim uppruna sem getið er um og hafi eiginleika slíks hunangs, svo sem smásæja- og eðlisefnafræðilega eiginleika og lykt og bragð;
- upplýsingar um landfræðilegan uppruna ef unnt er að staðfesta að varan sé að öllu leyti upprunnin frá tilteknu svæði;
- sérstakir eiginleikar eða gæði sem gera hunangið frábrugðið öðru hunangi.

Á umbúðamerkingum skal upprunaland hunangs koma fram. Ef um er að ræða blöndu af hunangi frá mismunandi löndum má það koma fram á eftirfarandi hátt:

„blanda af hunangi frá aðildarríkjum EB“;

„blanda af hunangi frá ríkjum utan EB“;

„blanda af hunangi frá aðildarríkjum EB og löndum utan EB“.

Þegar um er að ræða síað hunang og bökunarhunang skal tilgreina fullt vöruheiti á búlkaflátum (tunnum), umbúðum og í viðskiptaskjölum.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

7. gr.

Ábyrgð framleiðenda.

Innlendur framleiðandi eða innflytjandi er ábyrgur fyrir því að þær vörur sem um getur í 2. gr. séu í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

8. gr.
Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir hafa undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt.

9. gr.
Þvingunarúrræði.

Með brot gegn reglugerð þessari skal farið samkvæmt lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

10. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 18. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum sbr. og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig var höfð hliðsjón að ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, sem vísað er til í 9. tölulið, XII kafla, II viðauka (tilskipun 2001/110/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hunang).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð nr. 391/1995 um hunang.

Ákvæði til bráðabirgða.

Vegna þeirra vörutegunda sem eru hér á markaði við gildistöku þessarar reglugerðar og ekki eru í samræmi við ákvæði hennar er veittur frestur til 1. ágúst 2004 til að koma á nauðsynlegum breytingum. Markaðssetning vara, sem samræmast ekki þessari reglugerð en eru merktar fyrir 1. ágúst 2004, er heimil uns birgðir eru þrotnar.

Umhverfissráðuneytinu, 14. apríl 2003.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI I
Kröfur um samsetningu hunangs.

Pegar hunang er markaðssett sem slíkt eða notað í einhverja aðra vöru sem er ætluð til manneldis, skal það uppfylla eftirfarandi skilyrði um samsetningu:

1. Sykurinnihald.

- 1.1 *Frúktósi og glúkósi* (samanlagt)
- blómahunang >= 60 g/100 g
 - daggarhunang og blöndur af daggarhunangi og blómahunangi >= 45 g/100 g
- 1.2 *Súkrósi*
- almennt <= 5 g/100 g

- fuglatré (*Robinia psudeoacacia*), refasmári (*Medicago sativa*), *Banksia menziesii*, *Hedysarum*, ömbroviður (*Eucalyptus camadulensis*), *Eucryphia lucida*, *Eucryphia milliganii*, *Citrus* spp. <= 10 g/100 g
 - lofnarblóm (*Lavandula* spp.), hjólkróna (*Borago officinalis*) <= 15 g/100 g
- 2. Rakainnihald.**
- almennt <= 20%
 - beitilyngshunang (*Calluna*) og bökunarhunang almennt <= 23%
 - bökunarhunang úr beitilyngi (*Calluna*) <= 25%
- 3. Innihald fituleysanlegra efna.**
- almennt <= 0,1 g/100 g
 - pressað hunang <= 0,5 g/100 g
- 4. Leiðni.**
- hunang, þar sem er ekki tilgreint hvort um hreint eða blandað er að ræða <= 0,8 mS/cm
 - daggarhunang og kastaníuhnetuhunang, hreint eða blandað, nema þær hunangstegundir sem eru tilgreindar hér á eftir <= 0,8 mS/cm
 - undantekningar: jarðarberjatré (*Arbutus unedo*), bjöllulyng (*Erica*), ilmvíðir, lind (*Tilia* spp.), beitilyng (*Calluna vulgaris*), *leptospermum* eða *Melaleuca* spp.
- 5. Óbundnar sýrur.**
- almennt < 50 meqv af sýru í 1000 g
 - bökunarhunang < 80 meqv af sýru í 1000 g
- 6. Virkni sterkjukljúfs og innihald hýdoxymetýlfúrfúrala (HMF) sem ákvarðað er eftir vinnslu og blöndun.**
- a) *Virkni sterkjukljúfs* (Schade-kvarði)
- almennt, að undanskildu bökunarhunangi >= 8
 - hunang með lágu náttúrulegu ensímminnihaldi (t.d. sítrushunang) og með HMF-innihaldi sem ekki er meira en 15mg/kg >= 3
- b) *HMF*
- almennt, að undanskildu bökunarhunangi < 40 mg/kg (með fyrirvara um ákvæði annars undirliðar a-liðar)
 - Hunang af yfirlýstum uppruna frá svæðum í hitabeltinu hreint eða blandað. < 80 mg/kg

REGLUGERÐ

um leit og björgun á landi og samstarf lögreglu og björgunarsveita.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til hlutverks, skipulags og stjórnunar lögreglu og björgunarsveita vegna leitar og björgunar á landi sem fellur undir yfirstjórn lögreglustjóra skv. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 og önnur verkefni sem heyra undir lögreglu.

2. gr.

Orðskýringar.

Leit og björgun merkir leit að týndu fólki og björgun mannlífa og verðmæta. Undir leit fellur leit að týndu fólki hvort heldur það er týnt vegna slysa eða hefur villst. Undir björgun fellur að koma í veg fyrir frekara slys, bjarga fólki úr hættu og veita lífsbjargandi aðstoð.

Týndur einstaklingur merkir hvern þann sem saknað er vegna þess að grunur leikur á að hann hafi slasast eða hefur ekki komið fram á þeim tíma sem búist var við.

Björgunarsveit merkir hjálpar- eða björgunarsveit sem á grundvelli sjálfbóðaliðastarfs vinnur að leit og björgun og á aðild að viðurkenndum heildarsamtökum björgunarsveita.

Leitarskipulag merkir það skipulag aðgerða sem notað er við að skipuleggja leit að týndu fólki.

Heildarstjórn merkir samræmingu og stjórn þeirrar starfsemi sem fer fram á vettvangi og utan hans, með það að markmiði að tryggja samræmd vinnubrögð og samhæfða stjórn. Heildarstjórnun tekur þannig til samskipta við aðra stjórnvaldsaðila, yfirstjórn allra björgunarsveita, ákvörðunartöku um að kalla til sérhæfða aðstoð, upplýsingar til fjölmiðla og annarra sem þær þurfa og ákvörðun um lok aðgerða.

Tæknileg stjórn merkir beina verkstjórn björgunarsveitarmanna, stjórnun þeirra verkþátta sem undir viðkomandi heyra svo sem útfærsla við lausn verkefna og stjórn eigin liðsafla varðandi björgunar-, hjálpar- og leitarstörf þar sem forgangsröðin er björgun, afstýring sérstakrar hættu og að hefta slys og afleiðingar þess. Sá sem fer með tæknilega stjórn ákvarðar hvernig tiltækum liðsafla sem undir hann heyrir er beitt og forgangsráðar verkefnum. Hann hefur heimild til að veita fjölmiðlum upplýsingar um þau atriði, í samráði við þann sem fer með heildarstjórn. Sá sem sinnir heildarstjórn getur gripið inn í störf tæknilegs stjórnanda eftir samráð við hann ef hann verður þess var að ekki fæst nóg að gert.

II. KAFLI

Dagleg skipan leitar og björgunar.

3. gr.

Hlutverk lögreglu.

Lögreglan hefur m.a. það hlutverk að aðstoða borgarana þegar hætta steðjar að. Henni ber skylda til þess að veita borgurunum hjálp þegar slíkt ber undir og annast dagleg björgunarstörf í samstarfi við slökkvilið og sjúkraflutningaaðila.

Lögreglustjórar fara með yfirstjórn og bera ábyrgð á leit og björgun á landi, hver í sínu umdæmi. Þeim ber að samhæfa störf þeirra sem koma að leitar- og björgunaraðgerðum. Lögreglan kallar björgunarsveitir til aðstoðar ef þörf krefur.

Þegar lögreglan kallar björgunarsveitir til starfa skal lögreglustjóri skipa lögreglumann sem vettvangstjóra samræmdra aðgerða lögreglu og björgunarsveita. Skal hann annast heild-

arstjórnun aðgerða, sem fulltrúi lögreglustjóra á vettvangi og tryggja upplýsingaflæði milli lögreglu og björgunarsveita. Björgunarsveitir eru undir stjórn vettvangsstjóra lögreglu og skulu ávallt hafa fullt samráð við hann um þau verkefni sem þeim er falið.

4. gr.

Hlutverk björgunarsveita.

Björgunarsveitir eru hjálparlið lögreglu við leit og björgun á landi og við sérstök gæslustörf. Undir það falla verkefni svo sem leit að týndu fólki, hjálpar- og björgunarsörf vegna óveðurs og ófærðar og björgunarsörf vegna slysa í óbyggðum. Við sörf sem hjálparlið lögreglu starfa björgunarsveitir á ábyrgð hennar.

5. gr.

Landsstjórn og svæðisstjórnir.

Samræmd stjórn björgunarsveita (Landsstjórn), fer með tæknilega stjórn eigin liðsafla við aðgerðir. Landsstjórn er tengiliður björgunarsveita við ríkislögreglustjóra varðandi aðgerðir á landsvísu.

Landsstjórn, í samráði við ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra í viðkomandi umdæmi, afmarkar ákveðin landssvæði og skipar sérstaka svæðisstjórn björgunarsveita sem á svæðinu starfa. Svæðisstjórn er tengiliður björgunarsveita við lögreglu í umdæminu þegar björgunarsveitir eru kallaðar til. Hún starfar í nánú samstarfi við vettvangsstjóra lögreglu, sem ber ábyrgð á framgangi aðgerða og er tengiliður við önnur stjórnvöld í umdæminu. Svæðisstjórn lýtur hans boðvaldi varðandi samræmdar ákvarðanir vegna aðgerða.

6. gr.

Hlutverk ríkislögreglustjóra.

Ríkislögreglustjóri veitir lögreglustjórum aðstoð vegna leitar- og björgunaraðgerða og annast viðfangsefni sem eðli málsins samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu lögregluliða.

Ríkislögreglustjóri mælir fyrir um skipulag samstarfs lögregluliða við leitar- og björgunaraðgerðir.

Ríkislögreglustjóri annast samstarf við lögreglu í öðru landi. Hann er tengiliður við erlend lögregluþingvöld varðandi björgun og rannsókn slysa.

Ríkislögreglustjóri fer með samskipti lögreglunnar við önnur stjórnvöld en lögreglu sem fara með forræði leitar- og björgunaraðgerða og tryggir samráð þeirra við lögreglu.

III. KAFLI

Um útköll björgunaraðila.

7. gr.

Fyrstu viðbrögð vegna tilkynningar.

Til að tryggja samræmda upplýsingaflun og rétt viðbrögð, skal við móttöku tilkynningar og söfnun upplýsinga í tilvikum sem falla undir leit og björgun, nota sérstök eyðublað útgefin af ríkislögreglustjóra. Ríkislögreglustjóri gefur einnig út samræmda gátlista um fyrstu aðgerðir að höfðu samráði við Landsstjórn björgunarsveita.

8. gr.

Útköll vegna verkefna fyrir lögreglu.

Björgunarsveitir sinna útköllum vegna beiðna frá lögreglu um almenna aðstoð vegna óveðurs eða annarrar vár svo og aðstoðarbeiðna frá fólki sem er í vandræðum vegna ófærðar

eða annarrar neyðar. Einnig vegna leita og slysa í óbyggðum svo og öðrum þeim tilvikum þar sem lögregla þarf aðstoð hjálparliðs og búnaður og þjálfun björgunarsveita kemur að notum svo sem gæslu vegna lokunar á svæðum sem lokað hefur verið vegna hættuástands.

Við minniháttar tilfelli svo sem tilvik þar sem einungis er þörf á aðstoð björgunarsveitarmanna með einni björgunarsveitarbifreið getur lögregla haft beint samband við viðkomandi björgunarsveit. Við útköll vegna leita og annarra stærri tilvika skal útkallið fara fram í gegnum svæðisstjórn.

Við útköll vegna sérstakra gæslustarfa fyrir lögreglu, annarra en gæslu á svæðum sem lokað hefur verið vegna hættuástands skal haft beint samband við forsvarsmenn heildarsamtaka björgunarsveita.

9. gr.

Skipulag vettvangs- og leitarstjórnunar.

Við aðgerðir þar sem björgunarsveitir starfa til aðstoðar lögreglu skal unnið samkvæmt samræmdu vettvangsskipulagi útgefnu af ríkislögreglustjóra að höfðu samráði við Landsstjórn björgunarsveita. Aðgerðum skal stýrt af vettvangsstjóra lögreglu með fulltingi sameiginlegrar vettvangstjórnar sem mönnum er af lögreglu og viðkomandi svæðisstjórn.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Viðbragðsáætlanagerð.

Lögreglustjórar hver í sínu umdæmi setja nauðsynlegar viðbragðsáætlanir að höfðu samráði við svæðisstjórnir vegna verkefna innan umdæmisins sem ekki falla undir skipulag almannavarna, sbr. lög um almannavarnir.

Ríkislögreglustjóri setur leiðbeiningar um viðbragðsáætlanagerð að höfðu samráði við Landsstjórn björgunarsveita. Hann skal einnig setja nauðsynlegar viðbragðsáætlanir á landsvísu.

11. gr.

Samhæfð þjálfun.

Ríkislögreglustjóri og Landsstjórn björgunarsveita skulu tryggja samræmda þjálfun milli lögreglu og björgunarsveita í aðgerðar- og vettvangstjórnun. Árlega skulu haldnar sameiginlegar æfingar með þátttöku beggja aðila.

Leit að týndu fólki er liður í rannsókn lögreglu og skulu björgunarsveitir fá sérstaka fræðslu um aðkomu að rannsóknarvettvangi.

12. gr.

Aðgerðir á forræði annarra en lögreglu.

Samráð skal vera á milli lögreglustjóra umdæmis og svæðisstjórnar björgunarsveitar vegna leitar- og björgunaraðgerða sem falla undir önnur stjórnvöld en lögreglu.

Ef um er að ræða leit að týndum loftförum annast ríkislögreglustjóri og landsstjórn björgunarsveita samskipti við Flugmálastjórn og tryggja samræmingu lögregluliðanna og svæðisstjórna við leitarSKIPULAG Flugmálastjórnar sem fer með leitarstjórn sbr. lög um loftferðir en lögreglan tekur við stjórn á vettvangi eftir að loftfar finnast. Lögreglan skal veita Flugmálastjórn aðstoð samkvæmt lögreglulögum.

Lögreglustjórar fara með stjórn aðgerða á strandstað sbr. lög um skipsströnd og vogrek og starfa björgunarsveitir við aðgerðir frá landi á ábyrgð lögreglu við slík tilvik.

13. gr.

Gagnasafn um framkvæmd leitir að týndu fólki.

Lögreglustjórar skulu án tafar, senda ríkislögreglustjóra afrit skýrslna um allar leitir að týndu fólki.

Ríkislögreglustjóri skal safna þeim upplýsingum sem honum berast með skýrslum skv. 1. mgr. í eitt heildarsafn upplýsinga um framkvæmd leitir að týndu fólki. Gagnasafnið skal aðeins hafa að geyma ópersónugreindar upplýsingar. Heimilt er þó að tilgreina þar kyn og aldur eða aldursbil. Ríkislögreglustjóri og Landsstjórn björgunarsveita skulu annast úrvinnslu upplýsinga úr gagnasafninu með það að markmiði að upplýsingarnar nýtist við síðari tíma leitarskipulag.

14. gr.

Forgangsakstur á ökutækjum björgunarsveita.

Ef um er að ræða verkefni á forræði lögreglu skal ökutækjum björgunarsveita ekki ekið í forgangsakstri úr bækistöð á leið á vettvang né annars staðar nema að skýr fyrirmæli séu gefin um slíkt frá lögreglu.

15. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. apríl 2003.

Sólveig Pétursdóttir.

Björn Friðfinnsson.

AUGLÝSING**um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfusi.**

Deiliskipulag fyrir skika lands úr jörðinni Kvistum, Ölfusi, fyrir garðyrkjubýli.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 16. maí 2002 samþykkt deiliskipulag á skika lands, garðyrkjubýli, úr landi Kvista, Ölfusi.

Skikinn liggur austan vegar nr. 374, frá vegi að Ingólfsfjalli. Byggingarreitir liggja austast í landinu. Um er að ræða byggingarreit fyrir einbýlishús og iðnaðarhús með aðstöðuplani og mönum umhverfis athafnasvæðið.

Deiliskipulag fyrir þjónustu- og veitingahús á skika lands úr jörðinni Hrauni í Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 29. ágúst 2002 samþykkt deiliskipulag fyrir þjónustu- og veitingahús á skika lands úr jörðinni Hrauni í Ölfusi.

Skikinn liggur við þjóðveg nr. 34, um 520 m vestan við Óseyrarbrú. Innan byggingarreits er gert ráð fyrir um 300 m² húsi auk sólpalla. Húsið er á einni hæð. Skipulagða svæðið er um 19400 m². Aðkoma er frá þjóðvegi norðvestan við húsið inn á bílaplan. Göngustígar eru einnig að húsinu að austanverðu.

Deiliskipulag fyrir Norðurbyggð 18, Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 29. ágúst 2002 samþykkt deiliskipulag á lóðinni Norðurbyggð 18, Þorlákshöfn. Um er að ræða svæði sem að hluta til var ætlað fyrir parhús og að hluta til autt svæði. Svæðið er nú ein lóð til byggingar á tveggja hæða fjölbýlishúsi. Ekki verður bílgeymsla á lóðinni.

Lóðin afmarkast af horninu á milli Norðurbyggðar og Sambyggðar til vesturs, suðurs og austurs og að norðan af íbúðahúsalóðum við Norðurbyggð.

Deiliskipulag fyrir íbúðabyggð sunnan Berga, Þorlákshöfn.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 9. ágúst 2001 samþykkt deiliskipulag er liggur sunnan Berga í Þorlákshöfn.

Tillagan nær til um 20 ha svæðis með möguleikum á byggingu 228 íbúða fyrir einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishús auk opinna svæða.

Deiliskipulag fyrir skika lands úr Núpum I og II, Ölfusi, frístundabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 17. janúar 2002 samþykkt deiliskipulag á skika lands, 1 ha, fyrir frístundabyggð, úr landi Núpa I og II, Ölfusi.

Tillagan nær til 8 húsa.

Skikinn liggur norðan heimreiða að Núpum. Aðkoma að svæðinu er frá þjóðvegi nr. 38 um heimreiðina að Núpum.

Deiliskipulag fyrir 20 ha lands úr Gljúfurárholti, Ölfusi, heilsársbyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 16. maí 2002 samþykkt deiliskipulag á 20 ha lands úr jörðinni Gljúfurárholti, Ölfusi, fyrir heilsársbyggð.

Svæðið afmarkast af Gljúfurvegi í austri og Rauðalæk í vestri. Gert er ráð fyrir 20 einbýlishúsum á 1-2 hæðum á lóðum sem eru á bilinu 5600 til 10000 m². Einnig er heimilt að byggja hesthús fyrir allt að 10 hesta og allt að 100 m² gróðurhús, innan byggingarreits. Aðkoma að svæðinu er frá Gljúfurvegi.

Deiliskipulag fyrir frístundabyggð á skika lands úr jörðinni Hrauni í Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 4. apríl 2002 samþykkt deiliskipulag á skika lands, 40,9 ha fyrir frístundabyggð, úr landi Hrauns, Ölfusi.

Skikinn afmarkast af Ölfusá til austurs og að öðru leyti er svæðið innan girðingar. Svæðið er fyrir 16 lóðir að stærð 4000 til 6000 m², nr. 1 til 16. Á einni lóðinni er heimilt að byggja 3 smáhýsi innan byggingarreits. Þegar eru 4 hús komin á lóðir nr. 8, 9, 14 og 16. Aðkoma að svæðinu er annars vegar að sunnanverðu frá þjóðvegi nr. 34 og hins vegar að norðanverðu frá þjóðvegi nr. 38 um land Hrauns.

Deiliskipulag fyrir frístundabyggð á skika lands úr Gljúfri, Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 30. ágúst 2001 samþykkt deiliskipulag á skika lands úr jörðinni Gljúfri, Ölfusi.

Tillagan nær til 11,5 ha svæðis með lóðum fyrir 8 frístundahús.

Svæðið liggur norðan við þjóðveg nr. 374 og með aðkomu frá honum.

Breyting á deiliskipulagi fyrir jörðina Alviðru, Ölfusi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Ölfuss þann 16. maí 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Alviðru, Ölfusi.

			L 281 23.11.95	*** 1/97; 13, 27.03.1997
45u	Vörn við hliðarárekstri 96/27/EB			
			L 169 08.07.96	*** 60/97; 5, 05.02.1998
45v	Vörn við árekstur að framan 96/79/EB			
			L 018 21.01.97	*** 44/98; 6, 04.02.1999
		1999/98/EB	L 009 13.01.00	*** 72/2000
45w	Stærð og þyngd 97/27/EB			
			L 233 25.08.97	*** 56/98; 16, 15.04.99
		2001/85/EB	L 18 21.01.02	*** 138/2002

Bífhjól:

Vísað er til töluliða í I. kafla II. viðauka.

Tölul.	Tilskipun	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
XIII 17	Hljóðstyrkur Hjólbarðar, mynsturdýpt 89/459/EBE			
			L 226 03.08.89	* EES-gerðir S40
45f	Heildargerðarviðurkenning 92/61/EBE			
			L 225 10.08.92	** EES-viðbætur bók 2
		2002/24/EB	L 124 09.05.02	*** 159/2002
		2002/41/EB	L 133 18.05.02	
	2000/7/EB	L 106 03.05.00	*** 104/2000	
45h	Hemlun 93/14/EBE			
			L 121 15.05.93	** EES-viðbætur bók 2
45i	Stjórn tæki og gaumljós 93/29/EBE			
			L 188 29.07.93	** EES-viðbætur bók 2
45j	Hljóðmerkisbúnaður 93/30/EBE			
		2000/74/EB	L 300 29.11.2000	*** 9/2001; 22, 26.04.2001
			L 188 29.07.93	** EES-viðbætur bók 2
45k	Standari 93/31/EBE			
			L 188 29.07.93	** EES-viðbætur bók 2
		2000/72/EB	L 300 29.11.2000	*** 62/2001; 44, 06.09.2001
45l	Handföng 93/32/EBE			
			L 188 29.07.93	** EES-viðbætur bók 2
	1999/24/EB	L 104 21.04.99	*** 1/2000	
45m	Þjófavörn 93/33/EBE			
			L 188 29.07.93	** EES-viðbætur bók 2
	1999/23/EB	L 104 21.04.99	*** 1/2000	
45n	Áletranir 93/34/EBE			
			L 188 29.07.93	** EES-viðbætur bók 2
	1999/25/EB	L 104 21.04.99	*** 1/2000	

Tölul.	Tilskipun	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
45o	Ljósker 93/92/EBE		L 311 14.12.93	** EES-viðbætur bók 2
		2000/73/EB	L 300 29.11.2000	*** 62/2001; 44. 06.09.2001
45p	Stærð og þyngd 93/93/EBE		L 311 14.12.93	** EES-viðbætur bók 2
45q	Svæði fyrir skráningamerki 93/94/EBE		L 311 14.12.93	** EES-viðbætur bók 2
		1999/26/EB	L 118 06.05.99	*** 1/2000
45s	Hámarkshraði og vélarafli 95/1/EB		L 052 08.03.95	*** 57/95; 45. 03.10.1996
45x	Íhlutir 97/24/EB		L 226 18.08.97	*** 77/99

Dráttarvélar:

Vísað er til töluliða í II. kafla II. viðauka.

Tölul.	Tilskipun	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
1	Heildargerðarviðurkenning 74/150/EBE		L 084 28.03.74	* EES-gerðir S5
		79/694/EBE	L 205 13.08.79	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		88/297/EBE	L 126 20.05.88	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		98/38/EB	L 170 16.06.98	*** 46/99
		98/39/EB	L 170 16.06.98	*** 46/99
		2000/2/EB	L 021 26.01.00	*** 73/2000
		2000/25/EB	L 173 12.07.2000	*** 10/2001; 22. 26.04.2001
2	Hámarksþyngd o.fl. 74/151/EBE		L 084 28.03.74	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		88/410/EBE	L 200 26.07.88	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		98/38/EB	L 170 16.06.98	*** 46/99
3	Hámarkshraði og pallur fyrir farm 74/152/EBE		L 084 28.03.74	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		88/412/EBE	L 200 26.07.88	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		98/89/EB	L 322 01.12.98	*** 144/99

Tölul.	Tilskipun	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
4	Speglar 74/346/EBE			
			L 191 15.07.74	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		98/40/EB	L 171 17.06.98	*** 47/99
5	Sjónsvið ökumanns, rúðuburrkur 74/347/EBE			
			L 191 15.07.74	* EES-gerðir S5
		79/1073/EBE	L 331 27.12.79	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
6	Stýrisbúnaður 75/321/EBE			
			L 147 09.06.75	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		88/411/EBE	L 200 26.07.88	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		98/39/EB	L 170 16.06.98	*** 46/99
7	Rafsegultruflanir 75/322/EBE			
			L 147 09.06.75	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		2000/2/EB	L 021 26.01.00	*** 73/2000
		2001/3/EB	L 28 30.01.2001	*** 104/2001
	Raftengi fyrir ljósabúnað eftirvagns 75/323/EBE			
		L 147 09.06.75		
8	Hemlabúnaður 76/432/EBE			
			L 122 08.05.76	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		96/63/EB	L 253 05.10.96	*** 77/97; 18.07.05.1998
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
9	Farþegasæti 76/763/EBE			
			L 262 27.09.76	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		1999/86/EB	L 297 18.11.99	*** 51/2000
10	Hljóðstyrkur í eyrnahæð ökumanns 77/311/EBE			
			L 105 28.04.77	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		96/627/EB	L 282 01.11.96	*** 1/99; 7.10.02.2000
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		2000/63/EB	L 22 27.01.00	*** 73/2000

Tölul.	Tilskipun	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
11	Veltigrind, viðurkenningar 77/536/EBE		L 220 29.08.77	* EES-gerðir S5
		89/680/EBE	L 398 30.12.89	* EES-gerðir S5
		1999/55/EB	L 146 11.06.99	*** 2/2000
12	Útblástursmengun frá dísilvélum 77/537/EBE		L 220 29.08.77	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
13	Ökumannssæti 78/764/EBE		L 255 18.09.78	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		83/190/EBE	L 109 26.04.83	* EES-gerðir S5
		88/465/EBE	L 228 17.08.88	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		1999/57/EB	L 148 15.06.99	*** 2/2000
14	Ljós og glitaugu 78/933/EBE		L 325 20.11.78	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		1999/56/EB	L 146 11.06.99	*** 2/2000
15	Gerð ljóskera og glitaugna 79/532/EBE		L 145 13.06.79	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
16	Bakkgír og tengibúnaður 79/533/EBE		L 145 13.06.79	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		1999/58/EB	L 148 15.06.99	*** 2/2000
17	Veltigrind 79/622/EBE		L 179 17.07.79	* EES-gerðir S5
		82/953/EBE	L 386 31.12.82	* EES-gerðir S5
		88/413/EBE	L 200 26.07.88	* EES-gerðir S5
		1999/40/EB	L 124 18.05.99	*** 2/2000
18	Athafnarymi ökumanns 80/720/EBE		L 194 28.07.80	* EES-gerðir S5
		82/890/EBE	L 378 31.12.82	* EES-gerðir S5
		88/414/EBE	L 200 26.07.88	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
19	Aflúrtak og hlífar 86/297/EBE		L 186 08.07.86	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99

Tölul.	Tilskipun	Síðari viðbætur	Stjórnartíðindi EB	EES-birting
20	Veltigrind að aftan 86/298/EBE			
			L 186 08.07.86	* EES-gerðir S5
		89/682/EBE	L 398 30.12.89	* EES-gerðir S5
		2000/19/EB	L 94 14.04.00	*** 105/2000
21	Stjórnbúnaður 86/415/EBE			
			L 240 26.08.86	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
22	Veltigrind að framan 87/402/EBE			
			L 220 08.08.87	* EES-gerðir S5
		89/681/EBE	L 398 30.12.89	* EES-gerðir S5
		2000/22/EB	L 107 04.05.00	*** 105/2000
23	Íhlutir 89/173/EBE			
			L 067 10.03.89	* EES-gerðir S5
		97/54/EB	L 277 10.10.97	*** 28/99
		2000/1/EB	L 021 26.01.00	*** 73/2000
	Útblástursmengun 2000/25/EB			
			L 173 12.07.2000	*** 10/2001; 22. 26.04.2001

AUGLÝSING

um breytingu (1.) á gjaldskrá nr. 898/2002 fyrir tannlækningar veittar sjúklíngum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr.:

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð kr.
Fyllingar		
214	Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir	7.720
258	Stál- eða plastkróna	6.130
Rótfyllingar		
301	Kvikuþekja	5.130
306	Kvika barnatannar fjarlægð og felld (formocresolmeðferð)	7.690
308	Rótarendaörvun með (CaOH ₂)	5.980
310	Fyrsta úthreinsun rótar, 1 gangur, sérstök heimsókn (var nr. 311)	5.980
311	Fyrsta úthreinsun rótar, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn (var nr. 312)	6.840
312	Fyrsta úthreinsun rótar, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn (var nr. 313)	9.400
320	Rótfylling, 1 gangur, sérstök heimsókn	5.980
321	Rótfylling, 2 gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	6.840
322	Rótfylling, 3 eða fleiri gangar í sömu tönn, sérstök heimsókn	9.400
325	Hreinsun, útvíkkun og rótfylling í einni setu, 1 gangur	9.400

Gjaldnr.	Heiti verks	Verð kr.
Tannvegslækningar		
406	Djúphreinsun og rótarheflun tanna með \geq 5 mm djúpa poka, fjórðungur	8.550
420	Flípaaðgerð án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fjórðungur	28.300
422	Flípaaðgerð, ein tönn og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir	8.550
427	Tannholdsskurður, tannholdsmótun, fjórðungur munns	12.500
428	Tannholdsskurður, tannholdsmótun, ein tönn	4.270
453	Tannholdsgræðlingur	15.100
457	Beinmótun, fjórðungur munns	4.800
Munn- og kjálkaskurðlækningar		
500	Hæg tönn dregin, hver tönn	2.140
501	Úrdráttur tannar með fulla beinfestu, 1. tönn	4.270
510	Tönn fjarlægð með skurðaðgerð	10.260
525	Opnað inn á beinlaga tönn og tylla vegna tannréttinga fest á hana	11.970
526	Rótarendaaðgerð (rótastytting)	13.680
530	Endurfesta brottfallinnar tannar eða tanna	13.680
536	Tannkími eða tönn plantað í nýtt tannstæði	13.680
542	Skorið á tungu- eða vararhaft	6.840
552	Beinaaðgerðir (torus- eða tuberaðgerðir og aðrar sambærilegar aðgerðir)	11.970
555	Æxli hreinsað út	13.680
570	Vefur saumaður	2.140
580	Stungið á kýli	3.420
Heilgóma- og partagerð		
713	Stálpatur með einni eða fleiri tönnum	80.000
721	Fóðrun góms eða parts (relining)	20.800
722	Fóðrun góms eða parts (rebasing)	24.000

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á fylgiskjali I:

Skýringar með gjaldskrá ráðherra fyrir tannlækningar.

Skoðun

060 Vitjun. Álag vegna vitjunar til óferðafærs sjúklings eða vegna útkalls til sjúklings utan almenns vinnutíma eða venjulegs vinnustaðar tannlæknis á neyðarvakt.

Fyllingar

Almennt: Endurgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins miðast við að í verði gjaldliða í flokknum sé innifalið tannskurður, botnlag og aukabotnlag, sýruæting, bindiefni, ísetning, mótun, (ljós) hersla og lokafrágangur. Fylling endurgreiðist ekki ef minna en þrjú ár eru liðin frá því Tryggingastofnun ríkisins endurgreiðdi fyllingu eða skorufyllu í sama flöt tannar. Komi upp skemmd í hliðarfleti svo gera þarf tveggja eða þriggja flata fyllingu skal hún þó endurgreið þrátt fyrir að tyggiflötur hafi verið skorufyllt eða fyllt innan 3 ára. Bráðabirgðafrágangur milli heimsókna innifalinn eftir þörfum. Fyllingar skal færa á númer tannar og flöt eða fleti skv. ISO-staðli 3950. Fyllingu skal skrá í M, O, D, B eða L fleti tannar eftir því sem við á. Þó með þeirri undantekningu að ef skorukerfi occlusalflatar teygir sig yfir á buccal- eða lingualflöt tannar, án þess að um skemmd sé að ræða í síðarnefndu flötunum, telst slík tunga ekki sérstakur flötur fyllingar. Viðgerðir á rótarhluta tannar skal færa með viðeigandi fleti og bæta R fyrir aftan flötinn, dæmi: BR fyrir fyllingu á kinnarfleti rótar.

201 Tannlit fylling, 1 flötur

212 Tannlit fylling, 2 fletir

213 Tannlit fylling, 3 fletir

214 Tannlit fylling, 4 eða fleiri fletir

231 Amalgamfylling, 1 flötur

232 Amalgamfylling, 2 fletir

233 Amalgamfylling, 3 eða fleiri fletir

235 Amalgamkróna, 4 eða fleiri fletir

258 Stál- eða plastkróna. Fylling undir krónu og tilskurður á tönn er innifalið. Meðal annars notað til þess að hindra ótímabært tap tanna þegar veruleg hætta er á riðlun á biti ef tönn tapast. Einnig notað þegar byggja þarf upp fullorðinstennur lífeyrisþega. Bráðabirgðakróna í sambandi við fyrirhugaða krónusmið endurgreiðist ekki undir þessum lið. Gjaldliðinn skal skrá á númer tannar. **R**

Rótfyllingar

310 (var nr. 311)

311 (var nr. 312)

312 (var nr. 313)

Tannvegslækningar

406 Djúphreinsun og röturheflun tanna með ≥ 5 mm djúpa poka, fjórðungur. Djúphreinsun á pokum 5 mm og dýpri. Hreinsaðir eru mjúkveggir tannpokanna (curette) og heflaðir röturveggir þeirra (röturplanering).

420 Flipaaðgerð án beinmótunar og sambærilegar aðgerðir, fjórðungur. Aðgerðin felur í sér að tannhold er losað frá tönnum og aðlægu beini, rætur eru hreinsaðar og bólguvefur umhverfis tennur fjarlægður. Flipar eru saumaðir að tönnum aftur ýmist í upphaflega stöðu eða á nýjan stað.

422 Flipaaðgerð, ein tönn og aðrar sambærilegar minniháttar aðgerðir. „Einföld“ krónulenging eða aðgangur að stökum beinpoka þar sem nægir að flipa frá einni tönn.

427 Tannholdsskurður, tannholdsmótun, fjórðungur munns. Tannhold skorið burt til þess að grynka mjúkvefjahluta poka. Tannhold þynnt, mótað eða jafnað til þess að beta útlit eða auðvelda munnhirðu.

428 Tannholdsskurður, tannholdsmótun, ein tönn. Helst notað til þess að skera tannhold frá tannátubrunum eða fyllingum undir tannholdi, lengja klíníska krónu til þess að koma að klemmu fyrir gúmmídúk (transseptal fibrotomy) o.s.frv.

453 Tannholdsgræðlingur. Tannhold (eða masticatory mucosa) hvort sem er með hornlagi eða bandvefur eingöngu ágrætt til þess að auka vídd eða þykkt tannholds við tennur eða á tannlausum svæðum. Einnig notað til að upphefja tog vara- og kinnabanda á tannholdsbrún og þekja berar rætur tanna. Á einnig við tilfærða flipa (Pedicel soft tissue grafts) til þess að þekja berar rætur eða auka vídd tannholds við tönn.

457 Beinmótun, fjórðungur munns. Mótun beins samfara flipaaðgerð. Kjálkabein umhverfis tennur mótað og þynnt til þess að fá fram eðlilegri lögum og grynka eða eyða beinpokum umhverfis tennur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 27. gr., 37. gr., c-lið 33. gr., sbr. síðustu málsgrein 36. gr., og 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 (með síðari breytingum) og öðlast gildi 1. maí 2003.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 25. apríl 2003.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um hönnun olíuflutningaskipa.

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94, sem vísað er til í 56m í XIII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2002 frá 27. september 2002 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Reglugerðin og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2002, sbr. 1. gr., sem birt hefur verið í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 61, dags. 12. desember 2002 (bls. 26), eru birtar sem fylgiskjal með reglugerð þessari.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum um eftirlit með skipum nr. 47/2003, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 4. apríl 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Fylgiskjal.**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2002**

2002/EES/61/21

frá 27. september 2002

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2002 frá 12. júlí 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á hönnunarkröfum, er varða oliuskip með tvöföldum byrðingi, eða sambærilegum kröfum fyrir oliuskip með einföldum byrðingi og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDID EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XIII. viðauka við samninginn:

1. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 561 (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/6/EB í XIII. viðauka við samninginn:

„56m. **32002 R 0417:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 417/2002 frá 18. febrúar 2002 um að flýta innleiðingu á hönnunarkröfum, er varða oliuskip með tvöföldum byrðingi, eða sambærilegum kröfum fyrir oliuskip með einföldum byrðingi og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 (Stjótið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1).“

2. Texti liðar 55c (reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94) falli niður með gildistöku frá 31. desember 2007.

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 417/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Snorri Gunnarsson

formaður.

(¹) Stjótið. EB L 298, 31.10.2002, bls. 27 og EES-viðbætur við Stjótið. EB nr. 54, 31.10.2002, bls. 19.

(²) Stjótið. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

REGLUGERÐ EVRÓPUPINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 417/2002

frá 18. febrúar 2002

um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94

EVROPUPIINGID OG RAD EVROPUSAMBANDSINS HABA,
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álit svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt sameiginlegri stefnu í flutningamálum verður að gera frekari ráðstafanir til að auka öryggi og koma í veg fyrir mengun frá sjóflutningum.
- 2) Bandalagið hefur þungar áhyggjur af sjóslysum þar sem olíuflutningaskip koma við sögu og þeirri mengun sem þeim fylgir á strandlengjum, sem og af þeim skaða sem dýra- og plönturíkið og aðrar auðlindir hafsins verða fyrir.
- 3) Í orðsendingu sinni um „sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti“ ítrekaði framkvæmdastjórnin til-mæli aukafundar ráðsins um umhverfis- og flutninga-mál frá 25. janúar 1993 um að styðja aðgerð Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar til að draga úr misræmi, að því er varðar öryggi, milli nýrra og gamalla skipa með því að endurbæta og/eða úrelða gömul skip í áföngum.
- 4) Í ályktun sinni um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti ⁽⁵⁾ fagnaði Evrópuþingið orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar og hvatti einkum til þess að gripíð yrði til aðgerða til að herða öryggiskröfur sem gerðar eru til tankskipa.
- 5) Með ályktun sinni frá 8. júní 1993 um sameiginlega stefnu um öryggi á hafi úti ⁽⁶⁾ lýsti ráðið yfir fullum stuðningi við markmiðin í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar.
- 6) Í ályktun sinni um olíubrúðingunni undan ströndum Frakklands frá 20. janúar 2000 fagnaði Evrópuþingið allri viðleitni framkvæmdastjórnarinnar til að færa framfar þann dag þegar þess verður krafist að olíuflutningaskip skuli hafa tvöfaldan byrðing.
- 7) Í alþjóðasamningi um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 og bókun við hann frá 1978 (MARPOL-samningnum frá '73/'78) setti Alþjóðasiglingamálastofnunin fram reglur, sem samþykktar hafa verið á alþjóðavettvangi, um varnir gegn mengun sem hafa áhrif á hönnun og starfrækslu olíuflutningaskipa. Aðildarríkin eru aðilar að MARPOL-samningnum frá '73/'78.
- 8) Samkvæmt grein 3.3 í MARPOL-samningnum frá '73/'78 gildir samningurinn ekki um herskip, hjálpar-skip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða skip starfrækt af ríkinu, sem eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en í atvinnuskyni.
- 9) Samanburður á aldri tankskipa og tölfraði um slysa hefur leitt í ljós aukna tðni slysa meðal eldri skipa. Einhugur ríkir um það á alþjóðavettvangi að samþykkt breytinganna frá 1992 á MARPOL-samningnum frá '73/'78, þar sem krafist er tvöfalds byrðings eða sambærilegrar hönnunar fyrir gömul olíuflutningaskip með einföldum byrðingi þegar þau ná tilteknum aldri, muni veita þessum tankskipum aukna vernd gegn olíumengun af slysi ef til áreksurs eða strands kemur.
- 10) Það er bandalaginu í hag að samþykkja ráðstafanir til að tryggja að olíuflutningaskip, sem koma til hafna og endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkjanna, og olíuflutningaskip, sem sigla undir fána aðildarríkja, uppfylli reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 eins og hann var endurskoðaður árið 2001 með ályktun MEPC 95(46) til að draga úr hættunni á olíumengun af slysi á hafsvæði Evrópu.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 212 E, 25.7.2000, bls. 121 og Stjtið. EB C 154 E, 29.5.2001, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 14, 16.1.2001, bls. 22.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 22, 24.1.2001, bls. 19.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 30. nóvember 2000 (Stjtið. EB C 228, 13.8.2001, bls. 140), sameiginleg afstaða ráðsins frá 7. ágúst 2001 (Stjtið. EB C 307, 31.10.2001, bls. 41) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 2001.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 91, 28.3.1994, bls. 301.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB C 271, 7.10.1993, bls. 1.

- 11) Breytingar á MARPOL-samningnum frá '73/'78, Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 6. mars 1992, öðluðust gildi 6. júlí 1993. Í þessum ráðstöfunum eru settar fram kröfur um að olíuflutningaskip, sem eru afhent 6. júlí 1996 eða síðar, hafi tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnun til þess að koma í veg fyrir olíumengun ef til árektsturs eða strands kemur. Breytingarnar fela m.a. í sér áætlun um að úrelða í áföngum olíuflutningaskip með einföldum byrðingi sem afhent voru fyrir þann dag, sem öðlaðist gildi 6. júlí 1995, þar sem þess var krafist að tankskip sem afhent voru fyrir 1. júní 1982 uppfylltu kröfur um tvöfaldan byrðing eða samberilega hönnun eigi síðar en 25 árum, og, í sumum tilvikum, 30 árum eftir afhendingardag þeirra. Óheimilt verður að starfrækja þessi gömlu olíuflutningaskip með einföldum byrðingi eftir árið 2007 og, í sumum tilvikum, árið 2012, nema skipin uppfylli kröfurnar um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnun í reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78. Að því er varðar gömul olíuflutningaskip með einföldum byrðingi sem afhent voru eftir 1. júní 1982 eða sem afhent voru fyrir 1. júní 1982 en sem hefur verið breytt þannig að þau uppfylli kröfur MARPOL-samningsins frá '73/'78 um aðgreinda sjókjölfestugeyma og varða staðsetningu þeirra, rennur þessi frestur út í síðasta lagi árið 2026.
- 12) Nýjar og mikilvægar breytingar á reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 voru samþykktar 27. apríl 2001 á 46. fundi sjávarumhverfisverndarnefndar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC-46) með ályktun MEPC 95(46), sem öðlaðist gildi 1. september 2002, þar sem komið var á fót nýrri áætlun um að hraða úreldingu í áföngum fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi. Fresturinn, sem gefinn er til að tankskip uppfylli reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, ræðst af stærð og aldri skipsins. Samkvæmt þeirri áætlun eru olíuflutningaskip því flokkuð í þrjú flokka eftir tonnatölu, smíði og aldri. Allir þessir flokkar eru mikilvægir fyrir viðskipti innan bandalagsins, jafnvel sá lægsti, 3. flokkur.
- 13) Fresturinn, sem gefinn er til að úrelða olíuflutningaskip með einföldum byrðingi í áföngum, miðast við árlega dagsetningu afhendingar skipsins samkvæmt áætlun sem nær frá 2003 til 2007 fyrir olíuflutningaskip í 1. flokki og til 2015 fyrir olíuflutningaskip í 2. og 3. flokki.
- 14) Í endurskoðaðri reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 er haldið fast við þær kröfur til tankskipa í 1. flokki að þau séu, að 25 árum liðnum, búin hlíðargeymum eða tvöföldum botni á vörðum stöðum sem ekki eru notaðir til að geyma farm eða að einungis sé lestað í vökvastöðujafnvægi.
- 15) Í sömu reglu er sett fram krafa um að ekki megi halda áfram að starfrækja olíuflutningaskip eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2005 fyrir skip í 1. flokki og árið 2010 fyrir skip í 2. flokki, nema skipið samræmist áætlun um ástandsmat (CAS) sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 27. apríl 2001 með ályktun MEPC 94(46). Áætlunin um ástandsmat leggur stjórnýsly fánarkisins þær skyldur á herðar að gefa út yfirlýsingu um að skilyrði hafi verið uppfyllt og taka þátt í framkvæmd könnunar á vegum áætlunarinnar um ástandsmat.
- 16) Í 5. mgr. fyrrnefndrar reglu er heimilud undanþága til að starfrækja olíuflutningaskip í 2. og 3. flokki við tilteknar aðstæður, fram yfir þann frest sem gefinn var til að úrelða þau í áföngum. Ákvæði b-liðar 8. mgr. í sömu reglu veitir aðilum að MARPOL-samningnum frá '73/'78 rétt til að synja olíuflutningaskipum, sem starfrækt eru samkvæmt þessari undanþágu, um að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu þeirra. Aðildarríkin hafa lýst yfir þeim ásetningi sínum að nýta sér þennan rétt. Tilkylnna verður Alþjóðasiglingamálastofnuninni um ákvörðun um að skjótkota til þessa réttar.
- 17) Mikilvægt er að tryggja að ákvæði þessarar reglugerðar stofni ekki í hættu öryggi áhafnar eða olíuflutningaskipa í leit að öruggri höfn eða skipaafdrepi.
- 18) Til að gera skipasmíðastöðvum í aðildarríkjum kleift að sinna viðgerðum á olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi geta aðildarríkin gert undantekningar og heimilað slíkum skipum aðgang að höfnum sínum, að því tilskildu að enginn farmur sé um borð.
- 19) Það ætti að vera mögulegt að breyta tilteknum ákvæðum þessarar reglugerðar til að aðlaga þau alþjóðasamningnum sem er samþykktir, er breytt eða öðlast gildi eftir gildistöku reglugerðarinnar án þess að víkka út gildissvið hennar. Slíkar breytingar skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 20) Þar sem fresturinn fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem ekki uppfylla kröfur MARPOL-samningsins frá '73/'78 um aðgreinda sjókjölfestugeyma og varða staðsetningu þeirra, rennur bráðum út, og þar sem þetta á einkum við um tankskip í 1. flokki, er engin ástæða til að viðhalda því gjaldtökukerfi í reglugerð (EB) nr. 2978/94⁽²⁾ sem greinir á milli olíuflutningaskipa og olíuflutningaskipa sem uppfylla fyrrgreindar kröfur eftir 2007 og því ber að fella reglugerð (EB) nr. 2978/94 úr gildi.

SAMPYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að innleiða áætlun um að flýta beitingu krafanna um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi sem kveðið er á um í MARPOL-samningnum frá '73/'78.

(1) Stjórn. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

(2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2978/94 frá 21. nóvember 1994 um framkvæmd ályktunar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar A.747(18) um beitingu mælingarreglna um aðgreinda sjókjölfestugeyma í olíuflutningaskipum (Stjórn. EB L 319, 12.12.1994, bls. 1).

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi gildir um olíuflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu og yfir:

— sem koma til hafnar eða endastöðvar undan strönd innan lögsögu aðildarríkis, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, eða

— sem sigla undir fána aðildarríkis.

2. Reglugerð þessi gildir ekki um herskip, hjálparskip í flota eða önnur skip í ríkiseign eða skip starfrækt af ríkinu, sem um stundarsakir eru nýtt í þágu hins opinbera til annars en í atvinnuskyni. Aðildarríkin skulu, að svo miklu leyti sem sanngjarnt er að ætla og unnt er, leitast við að virða ákvæði þessarar reglugerðar að því er varðar þau skip sem um getur í þessari málsgrein.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „MARPOL-samningurinn frá '73/'78“: alþjóðasamningur frá 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, eins og honum var breytt með bókun frá 1978 ásamt breytingum, sem er í gildi 18. febrúar 2002;
2. „endurskoðuð regla 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78“: breytingar á reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 og á viðbót við alþjóðlega olíumengunarnáskirteinið (IOPP-skirteinið), eins og þær voru samþykktar með ályktun MEPC 94(46) frá 27. apríl 2001, sem öðlast gildi 1. september 2002;
3. „olíuflutningaskip“: olíuflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í 4. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
4. „burðargeta“: burðargeta samkvæmt skilgreiningu í 22. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
5. „nýtt olíuflutningaskip“: nýtt olíuflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í 26. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
6. „olíuflutningaskip í 1. flokki“: olíuflutningaskip með 20 000 tonna burðargetu og yfir, sem flytur hráolíu, brennsluolíu, þunga gasolíu eða smurolíu sem farm, og með 30 000 tonna burðargetu og yfir, sem flytur aðrar tegundir olíu en framangreindar, sem uppfylla ekki kröfur um ný olíuflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í 26. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;
7. „olíuflutningaskip í 2. flokki“: olíuflutningaskip með 20 000 tonna burðargetu og yfir, sem flytur hráolíu, brennsluolíu, þunga gasolíu eða smurolíu sem farm, og með 30 000 tonna burðargetu og yfir, sem flytur aðrar tegundir olíu en framangreindar, sem uppfylla kröfur um ný olíuflutningaskip samkvæmt skilgreiningu í 26. lið reglu 1 í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;

8. „olíuflutningaskip í 3. flokki“: olíuflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu og yfir en þó minni en þá sem tilgreind er í 6. og 7. skilgreiningu;

9. „olíuflutningaskip með einföldum byrðingi“: olíuflutningaskip sem uppfyllir ekki kröfurnar um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun í reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;

10. „olíuflutningaskip með tvöföldum byrðingi“: olíuflutningaskip sem uppfyllir kröfurnar um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun í reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;

11. „aldur“: aldur skipsins, gefinn til kynna í árafjölda frá afhendingardegi þess;

12. „þung gasolía“: dísilolía samkvæmt skilgreiningu í endurskoðaðri reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78;

13. „brennsluolía“: eimaðar, milliþykkar olíur eða eimingarleifar úr hráolíu eða blanda slíkra efna samkvæmt skilgreiningu endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.

4. gr.

Samræmi olíuflutningaskipa með einföldum byrðingi við kröfur um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun

1. Ekki skal heimila starfræslu olíuflutningaskips undir fána aðildarríkis né leyfa olíuflutningaskipi, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, að koma til hafnar eða endastöðvar undan strönd innan lögsögu aðildarríkis eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins á árinu sem er tilgreint hér á eftir nema slíkt olíuflutningaskip hafi tvöfaldan byrðing:

a) olíuflutningaskip í 1. flokki:

- 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1973 eða fyrr,
- 2004 fyrir skip sem voru afhent árin 1974 og 1975,
- 2005 fyrir skip sem voru afhent árin 1976 og 1977,
- 2006 fyrir skip sem voru afhent árin 1978, 1979 og 1980,
- 2007 fyrir skip sem voru afhent árið 1981 eða síðar;

b) olíuflutningaskip í 2. flokki:

- 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1973 eða fyrr,
- 2004 fyrir skip sem voru afhent árin 1974 og 1975,
- 2005 fyrir skip sem voru afhent árin 1976 og 1977,
- 2006 fyrir skip sem voru afhent árin 1978 og 1979,
- 2007 fyrir skip sem voru afhent árin 1980 og 1981,
- 2008 fyrir skip sem voru afhent árið 1982,
- 2009 fyrir skip sem voru afhent árið 1983,
- 2010 fyrir skip sem voru afhent árið 1984,
- 2011 fyrir skip sem voru afhent árið 1985,
- 2012 fyrir skip sem voru afhent árið 1986,
- 2013 fyrir skip sem voru afhent árið 1987,
- 2014 fyrir skip sem voru afhent árið 1988,
- 2015 fyrir skip sem voru afhent árið 1989 eða síðar;

c) olíuflutningaskip í 3. flokki:

- 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1973 eða fyrr,
- 2004 fyrir skip sem voru afhent árin 1974 og 1975,
- 2005 fyrir skip sem voru afhent árin 1976 og 1977,
- 2006 fyrir skip sem voru afhent árin 1978 og 1979,
- 2007 fyrir skip sem voru afhent árin 1980 og 1981,
- 2008 fyrir skip sem voru afhent árið 1982,
- 2009 fyrir skip sem voru afhent árið 1983,
- 2010 fyrir skip sem voru afhent árið 1984,
- 2011 fyrir skip sem voru afhent árið 1985,
- 2012 fyrir skip sem voru afhent árið 1986,
- 2013 fyrir skip sem voru afhent árið 1987,
- 2014 fyrir skip sem voru afhent árið 1988,
- 2015 fyrir skip sem voru afhent árið 1989 eða síðar.

2. Olíuflutningaskip í 1. flokki, sem er 25 ára eða eldra miðað við dagsetningu afhendingar þess, skal uppfylla annað af eftirfarandi ákvæðum:

a) það skal hafa hliðargeyma eða rými í tvöföldum botni sem eru ekki notuð til olíuflutninga og sem uppfylla kröfur 4. liðar reglu 13E í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78 um breidd og hæð, ná yfir a.m.k. 30% af L_t fyrir mestu dýpt skipsins á hvorri hlið eða a.m.k. 30% af vörpuðu flatarmáli botnklæðningar innan L_t þar sem L_t er í samræmi við skilgreiningu 2. liðar reglu 13E í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, eða

b) það skal lestað í vökvastöðujafnvægi, að teknu tilliti til viðmiðunarreglnanna sem settar voru fram í ályktun Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar MEPC 64(36).

5. gr.

Samræmi skipa í 1. og 2. flokki við áætlun um ástandsmat

1. Olíuflutningaskipi er óheimilt að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkis eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2005 fyrir skip í 1. flokki og 2010 fyrir skip í 2. flokki, nema það sé í samræmi við áætlunina um ástandsmat sem um getur í 6. gr.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkis geta leyft áframhaldandi starfrækslu olíuflutningaskips, sem siglir undir fána þess aðildarríkis, eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2005 fyrir skip í 1. flokki og árið 2010 fyrir skip í 2. flokki en þó einungis ef skipið samræmist áætlun um ástandsmat sem um getur í 6. gr.

6. gr.

Áætlun um ástandsmat (CAS)

Áætlunin um ástandsmat, sem samþykkt var með ályktun MEPC 94(46) frá 27. apríl 2001, gildir að því er varðar 5. gr.

7. gr.

Frestur

Eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2015 er óheimilt:

— að halda áfram, í samræmi við 5. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, starfrækslu olíuflutningaskipa í 2. og 3. flokki sem sigla undir fána aðildarríkis, og

— að önnur olíuflutningaskip í 2. og 3. flokki komi til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu aðildarríkis án tillits til þess hvort þau halda áfram að vera starfrækt undir fána þriðja ríkis í samræmi við 5. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.

8. gr.

Undanþágur fyrir skip í neyð eða skip sem á að gera við

1. Þrátt fyrir 4., 5. og 7. gr. er lögbær yfirvaldi aðildarríkis heimilt, með fyrirvara um ákvæði landslaga og í sérstökum tilvikum, að leyfa einstöku skipi að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu þess, ef:

— um er að ræða olíuflutningaskip í neyð sem er í leit að skipaafdrepi,

— olíuflutningaskip án farms er á leið til hafnar til viðgerðar.

2. Aðildarríkin skulu, í tæka tíð og fyrir 1. september 2002, senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau munu beita við aðstæður eins og þær sem getið er um í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

9. gr.

Tilkynning til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar

1. Formaður ráðsins, fyrir hönd aðildarríkjanna, og framkvæmdastjórnin skulu í sameiningu tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni um samþykkt þessarar reglugerðar en með henni skal vísað til 3. mgr. 211. gr. í Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna.

2. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni um það ef það ákveður að synja olíuflutningaskipum, skv. 7. gr. þessarar reglugerðar, sem starfrækt eru í samræmi við ákvæði 5. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78, um að koma til hafna eða endastöðva undan strönd innan lögsögu sinnar á grundvelli b-liðar 8. mgr. í endurskoðaðri reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.

3. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni um leyfi eða um frestun, afturköllun eða synjun á leyfi til starfrækslu olíuflutningaskips í 1. eða 2. flokki, sem er heimilt að sigla undir fána þess í samræmi við 5. gr., á grundvelli a-liðar 8. mgr. í endurskoðaðri reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá '73/'78.

10. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem skipuð var skv. 1. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 93/75/EBE ⁽¹⁾, hér á eftir kölluð „nefndin“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

11. gr.

Málsmeðferð vegna breytinga

Tilvísunum, sem er að finna í greinum þessarar reglugerðar til reglna í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2002.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. PIQUÉ I CAMPS

forseti.

'73/'78 og til ályktana MEPC 94(46) og 95(46), skal, ef við á, breytt í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. til að aðlaga tilvísanirnar breytingum á þessum reglum og ályktunum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, að svo miklu leyti sem slíkar breytingar rýmka ekki gildissvið þessarar reglugerðar.

12. gr.

Niðurfelling

Tilskipun ráðsins (EB) nr. 2978/94 falli hér með úr gildi frá og með 31. desember 2007.

13. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. september 2002.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 93/75/EBE frá 13. september 1993 um lágmarkskröfur fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur til eða frá höfnum innan bandalagsins (Stjóð. EB L 247, 5.10.1993, bls. 19). Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/74/EB (Stjóð. EB L 276, 13.10.1998, bls. 7).

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum við Suður- og Suðausturland.

1. gr.

Allar veiðar með línu eru bannaðar á eftirgreindum svæðum:

1. Á Síðugrunni á svæði, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
 1. $63^{\circ} 35' \text{ N} - 17^{\circ} 19' \text{ V}$
 2. $63^{\circ} 28' \text{ N} - 17^{\circ} 19' \text{ V}$
 3. $63^{\circ} 28' \text{ N} - 17^{\circ} 38' \text{ V}$
 4. $63^{\circ} 35' \text{ N} - 17^{\circ} 38' \text{ V}$

2. Suður af Ingólfshöfða á svæði, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
 1. $63^{\circ} 46' \text{ N} - 16^{\circ} 33' \text{ V}$
 2. $63^{\circ} 37' \text{ N} - 16^{\circ} 17' \text{ V}$
 3. $63^{\circ} 36' \text{ N} - 16^{\circ} 37' \text{ V}$
 4. $63^{\circ} 37' \text{ N} - 16^{\circ} 55' \text{ V}$
 5. $63^{\circ} 45' \text{ N} - 16^{\circ} 47' \text{ V}$

3. Á Mýragrunni á svæði, sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:
 1. $63^{\circ} 59' \text{ N} - 15^{\circ} 24' \text{ V}$
 2. $63^{\circ} 50' \text{ N} - 15^{\circ} 24' \text{ V}$
 3. $63^{\circ} 50' \text{ N} - 15^{\circ} 47' \text{ V}$
 4. $63^{\circ} 59' \text{ N} - 15^{\circ} 57' \text{ V}$

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 3. maí 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. apríl 2003.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Þórður Eyþórsson.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
303	9. apríl	Reglugerð um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans.....	963-964
304	3. apríl	Auglýsing um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 2/2003 um að tiltekna ákvarðanir falli brott.....	965
305	10. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla	965-967
306	26. mars	Auglýsing um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla	967-968
307	10. apríl	Auglýsing um breytingu á aðalnámskrá framhaldsskóla	968-969
308	15. apríl	Reglugerð um gerð og búnað ökutækja	969-1086
309	25. apríl	Auglýsing um breytingu (1.) á gjaldskrá nr. 898/2002 fyrir tannlækningar veittar sjúklingum sem tryggðir eru samkvæmt almannatryggingalögum	1086-1088
310	4. apríl	Reglugerð um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um hönnun olíuflutningaskipa	1089-1095
311	28. apríl	Reglugerð um bann við línuveiðum við Suður- og Suðausturland	1096

